ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Þriðjudagur 29. desember 1998 • 51. tbl. • 15. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: bb@snerpa.is • Verð kr. 200 m/vsk

Það var jólalegt um að litast í Ísafjarðarhöfn yfir hátíðarnar.

Góður afli hjá vestfirskum togurum

65 milljóna króna afla-verðmæti hjá Sléttanesi

Allur vestfirski togaraflotinn var í höfn yfir hátíðarnar og var því mikil ljósadýrð víða í höfnum. Allur ísfirski flotinn landaði um hátíðarnar og voru aflabrögð með ágætum.

Bessi kom inn á Þorláksmessu með 129 tonn af rækju, sama dag kom Júlíus Geirmundsson með 362 tonn upp úr sjó að verðmæti um 58 milljónir króna og Páll Pálsson landaði 45 tonnum af blönduðum afla en hann landaði einnig þremur dögum fyrr, 80 tonnum af blönduðum afla.

Sléttanes landaði 180 tonnum af frosnum fiski 22. desember og var aflaverðmætið um 65 milljónir króna. Sama dag landaði Skagfirðingur 9 tonnum af rækju og 20. desember landaði Framnes 25 tonnum af blönduðum afla sem og Hamrasvanur sem landaði 60 tonnum af iðnaðarrækju. Þá landaði Orri 305 tonnum af frystri rækju sem skipið aflaði á Flæmingjagrunni og var aflaverðmætið um 55 milljónir króna.

Síðastliðna nótt kom síðan norska skipið Lars Hagerup með 300 tonn af frystum fiski sem fer til vinnslu hjá Íshúsfélagi Ísfirðinga hf.

Ólafur fær fjárstyrk

Skíðafélag Ísafjarðar nýtur fjárstuðnings Íslandsbanka á ári hverju og ræður félagið sjálft hvernig það ver fénu. Að þessu sinni var hluta af framlagi bankans varið til þess að veita hinum unga og efnilega skíðagöngumanni Ísfirðinga,

Ólafi Thorlacius Árnasyni, myndarlegan fjárstyrk í viðurkenningarskyni fyrir frábæra frammistöðu í íþrótt sinni. Á myndinni er Geir Sigurðsson, stjórnarmaður í Skíðafélagi Ísafjarðar (t.v.) að óska Ólafi til hamingju, en Halldór Margeirsson útibússtjóri og Guðrún Hólmsteinsdóttir þjónustustjóri í Íslandsbanka fylgjast með.



„Á snöggu augabragði“

Umferðarslys getur valdið áverkum á sálinni ekki síður en líkamanum. Guðjón Þorsteinsson segir frá lífsreynslu sinni í miðopnu

Bæjarins besta

Útgefandi:
H-prent ehf.
Sólgötu 9, 400 Ísafjörður
☎ 456 4560
456 4564
Netfang prentsmiðju:
hprent@snerpa.is
Stafræn útgáfa:
http://www.snerpa.is/bb

Ábyrgðarmenn:
Sigurjón J. Sigurðsson
Halldór Sveinbjörnsson
Ritstjóri:
Sigurjón J. Sigurðsson
Blaðamaður:
Hlynur Þór Magnússon
Netfang ritstjórnar:
bb@snerpa.is

Bæjarins besta er í samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða. Eftirprentun, hljóðritun, notkun ljósmynda og annars efnis er óheimil nema heimilda sé getið.

LEIÐARI

Litið um öxl

Ekki verður annað sagt en að árið 1998 hafi verið viðburðaríkt á vettvangi þjóðmála, allt frá því er landsfeður höfðu þungar áhyggjur útaf ábyrgðarleysi sjómanna í deilum þeirra við útvegsmenn í byrjun árs til dómsúrskurðar Hæstaréttar í kvótamálinu, þar sem stjórnvöld stóðu allt í einu berskjölduð frammi fyrir því að hafa brotið stjórnarskrá landsins og gegn jafnrétti þegnanna með lagasetningu um stjórnun fiskveiða, sem reyndar var ekki eina tilfellið þar sem stjórnvöld hnutu um lagakróka á árinu.

Milli þessa upphafs og endis hrönnuðust upp uppákomur af ýmsu tagi, sem hver og ein nægir til ítarlegri umfjöllunar en unnt er í stuttu yfirliti við áramót. Má þar til að nefna laxveiðimál stjórnenda Landsbanka, Búnaðarbanka og Seðlabanka, þar sem þeir fyrst nefndu voru pikkaðir út til ábyrgðar meðan hinir veiddu enn, blessaðir, líkt og séra Sigvaldi hefði orðað það; ævintýraleikinn um sýslumannsflutninginn til Hólmavíkur; heimsókn Wallenberganna, sem töldu sig hingað komna til að kaupa banka en ekki í kaffiboð til ráðherra, einn af mörgum misskilningum ársins; endurfæðingu Sverris Hermannssonar í pólitík, sem ekki er séð hvort kemst á legg; stúlkurnar fjórar sem LÍÚ færði kvóta að gjöf á ári hafsins, að ógleymdum hinum og þessum út og suður játningum þingmanna í stærri dagskrármálum og kennitöluæðinu í einkavæðingu Búnaðarbankans. (Og er þá tiltínslan rétt byrjuð).

Á heimasveitarvelli ber að nefna að um málefni Grunnskólans á Ísafirði, sem í lok fyrra árs leiddu til burtreiðar bæjarstjórans þáverandi, sundrungu innan bæjarstjórnar í kjölfarið og mikil hjúaskipti þar á bæ í kosningunum í vor eru nú komin í var, um sinn a.m.k. Þá ber að nefna glæsilega Atvinnusýningu Vestfjarða í sumar. Ekki er síður gleðilegt að Tónlistarskólinn skuli loks kominn í friðarhöfn eftir langt volk í hálfgerðu reiðuleysi. Frammistaða körfuboltastrákanna okkar í bikarkeppninni á síðasta keppnistímabili var þeim til sóma og mikil og góð auglýsing fyrir bæjarfélagið.

Mjór er mikils vísir. Fólksfjölgun varð í nokkrum byggða Vestfjarða á árinu. Þótt í litlum mæli sé er hér um breytingu að ræða. Þá munu margir minnast heimsóknar forseta Íslands og Margrétar Þórhildar Danadrottningar, ásamt fríðu föruneyti, til Ísafjarðar.

Það fer ekki á milli mála að árið 1998 verður skráð sem ár umróts og átaka á þjóðmálasviðinu. Átaka, sem hvergi nærri er séð fyrir endann á. Þingkosningar eru framundan. Næsta víst er að í þeim verður tekist á um mörg þeirra mála er settu svip sinn á árið, sem nú kveður.

Bæjarins besta þakkar lesendum sínum tryggð við blaðið og óskar þeim og landsmönnum öllum farsældar á komandi ári.

-s.h.

ORÐ VIKUNNAR

Hinn átti dagur

Jóladagarnir eru þrettán eins og jólasveinarnir. Allir kannast við annan og þriðja í jólum, svo og þrettándann (þrettánda og síðasta dag jóla). Aftur á móti er *áttadagur* (áður *átti dagur* og síðan *áttidagur*) að týnast úr málinu. Áttidagur (*átti dagur*) er *áttundi dagur* jóla en orðmyndin *átti* í merkingunni *áttundi* er alveg horfin úr notkun, nema í þessu eina tilviki.

Og hver er áttundi dagur jóla? Jú, það er nýársdagur og það sem nú kallast nýársfagnaður hét löngum áður áttadagsgleði.

Skíðasvæðið á Seljalandsdal

Mjög gott færi og meiri snjór en síðustu ár

„Það er allt gott að frétta hér“, sagði Kristinn Lyngmo, umsjónarmaður skíðasvæðis Ísfirðinga í samtali við BB í gær, „og búið að vera mjög gott færi á Dalnum. Það snjóar alltaf hjá okkur jafnt og þétt og í rauninni erum við nú komnir með meiri snjó á svæðinu en var allan síðasta vetur. Þetta lítur mjög vel út ef við náum að halda þessum snjó. Mér sýnist líka að það sé aftur að verða kominn nægur snjór í Tungudal.“

Í fyrradag (sunnudag) var mjög góð aðsókn á Dalnum. „Þetta er allt í fyrri kantinum hjá okkur. Undanfarin ár höfum við náð því að byrja í kringum 20. janúar á frekar litlum snjó.“

Í dag (þriðjudag) er skíðasvæðið á Seljalandsdal opið og lyftur í gangi til kl. 21. Á morgun og fimmtudag er opið kl. 13-18 hvorn dag en lokað á gamlársdag og nýársdag. Á laugardag og sunnudag eftir áramót er opið kl. 10-17 hvorn dag. Göngubraut er troðin á hverjum degi.

Engar veitingar eru í Skíðheimum um þessar mundir. „Það vantar vertinn“, sagði Kristinn Lyngmo.

Gísli Jón hlaut aðalvinninginn

Gísli Jón Kristjánsson, Fagraholti 3 á Ísafirði, hlaut aðalvinninginn í jólaleik SKG-Veitinga á Hótel Ísafirði, en það var flug fyrir tvo til Reykjavíkur og til baka með Flugfélagi Íslands ásamt gistingu fyrir tvo í tvær nætur með morgunverði á Hótel Sögu.

Aðrir sem vinninga hlutu voru Ingibjörg Vagnsdóttir, Bolungarvík, Alda Baldursdóttir, Bolungarvík, Úlfar S. Ágústsson, Ísafirði, og Ingólfur A. Ásgeirsson, Hnífsdal.

Á myndinni eru matreiðslumeistararnir Karl Ásgeirsson og Snorri Bogason hjá SKG-Veitingum fyrir dyrum úti í Fagraholtinu að afhenda Gísla Jóni skilríki fyrir vinninginn.

DV-RAUNIR

Gunnlaugs raunir

Gunnlaugur M. Sigmundsson, alþingismaður Framsóknarflokksins á Vestfjörðum og forstjóri Kögunar hf., sem nokkuð á óvart með því að bjóðast til að vikja fyrir vel menntuðum einstaklingi um þríugt. Ungi maðurinn sem Gunnlaugur hafði verið að skóla til í fræðunum situr nú eftir með sárt ennið í málsmiðju vestur á Ísafirði. Sá ágæti piltur hefur hefur samkvæmt heimildum sandkorna **Sigurðar Jónsson**, skipatæknifræðingur og framkvæmdastjóri Skipasmíðastöðvarinnar á Ísafirði þar til í haust, er hann stóð upp úr þeim stól, væntanlega til að setjast í stól Gunnlaugs. Ekki er talið að Gunnlaugur geti hugsað sér að leyfa **Kristni H. Gunnarssyni**, hinum nýja en viðförla framsóknarþingmanni Vestfirðinga, að leiða listann en litlir möguleikar eru á því að Framsóknarflokkurinn takist að bæta við sig manni á Vestfjörðum. Stefnir því í það, eins og staðan er í dag, að allt verði óbreytt á Vestfjörðum og Gunnlaugur verði

Sandkornaritarar DV eru ákaflega ötulir við að skrifa um Vestfirði og Vestfirðinga. Ekki virðist þar allt byggt á mjög traustum heimildum, þótt þær taki vissulega fram góðvildinni í garð Vestfirðinga í skrifum þessum að öllum jafnaði.

Sigurður Jónsson skipatæknifræðingur [„sá ágæti piltur“], sem fjallað er um í meðfylgjandi klausu (lesið hana hér, veskú, ef þið hafið ekki lesið hana áður), þvertekur fyrir að nokkurn tímann hafi komið til tals eða álita að hann yrði arftaki Gunnlaugs M. Sigmundssonar. Auk þess „stóð hann upp úr“ stól sínum gagngert til þess að taka við annarri stöðu og síst veigaminni.

Ókunnugir telja vitanlega, að myndin sem fylgir klausunni sé af umræddum „vel menntuðum einstaklingi um þrítugt“, ellegar þá af höfundinum sem ritar nafn sitt undir, (Reyni Traustasyni) því að flestir sjá að hún er hvorki af Gunnlaugi M. Sigmundssyni né Kristni H. Gunnarssyni. Reyndar hefur verið hringt í Sigurð skipatæknifræðing til að spyrja hvort hann hafi átt í erfiðum veikindum, því að hann sé eitthvað svo fyrirgengilegur á myndinni.

Staðreyndin er hins vegar sú, að myndin er af öldruðum og lasburða manni á Ísafirði, Sigurði Jónssyni, sem hefur engan hug á því að verða erfðaprins Framsóknarflokksins á Vestfjörðum á fyrstu áratugum komandi aldar, þótt eftir verði leitað.

STUTTAR FRÉTTIR

Kveðja frá Flórída

Blaðinu hefur borist eftirfarandi tölvupóstur frá Flórída í Bandaríkjunum:

„Ágæti ritstjóri. Ég vil bara óska þér til hamingju með framsetninguna á blaðinu á netinu. Ég er í fríi hér í Lakeland yfir jólin með fjölskyldunni og var sýnd heimasíðan ykkar.

Hún er skemmtilega framsett og mættu stærri miðlar taka hana sér til fyrirmyndar. Bestu jóla- og nýárskveðjur til Bolvíkinga og Ísfirðinga nær og fjær.

Örn Ólafsson og fjölskylda."

Góð veiði í Laugardalsá

Mjög góð veiði var í Laugardalsá í Ísafjarðardjúpi í sumar, en lokatölur yfir veiði í laxveiðiám hafa nú verið birtar í hinu ágæta Sportveiðiblaði.

Alls veiddust 340 laxar í ánni í sumar sem er aukning um 205 laxa frá árinu áður en þá veiddust 135 laxar í ánni. Veiði í Langadalsá var einnig ágæt en þar veiddust 186 laxar á móti 133 árið á undan. Í Hvannadalsá veiddust 100 laxar, en ekki eru í blaðinu upplýsingar um veiði í ánni árin þar á undan.

Áramótabrennur

Áramótabrennur verða í flestum eða öllum byggðakjörnum í Ísafjarðarbæ. Þegar blaðið fór í vinnslu höfðu sýslumannsembættinu borist umsóknir um leyfi fyrir brennum á eftirtöldum stöðum: Á Bakkahól í Hnífsdal, innan við lónið á Suðureyri og á Þingeyrarodda.

Væntanlega verða einnig brennur á Hauganesi við Skutulsfjörð, á Flateyri og í Súðavík, en síðasti dagur til að sækja um leyfi fyrir brennum var í gær. Í Bolungarvík verður áramótabrenna inni á sandi, þ.e. á gamla flugvellinum við Ósárós.

Ísafjarðartogarar

Árangurslaus fíkniefnaleit

Orri ÍS-20.

Þegar Orrinn kom til hafnar á Ísafirði nokkrum dögum fyrir jól var gerð sérstök leit að fíkniefnum um borð í skipinu. Togarinn hafði verið á Flæmingjagrunni og komið í höfn í Kanada og þurfti því að tollafgreiða hann við heimkomuna. Tollgæslan á Ísafirði ákvað að fá aðstoð að sunnan og kom maður þaðan með fíkniefnaleitarhund. Einnig var leitað í togaranum Stefni, sem kom til hafnar á svipuðum tíma og Orrinn, til þess að ganga úr skugga um að fíkniefnum hefði ekki verið komið yfir í hann. Engin fíkniefni fundust. Þessi aðgerð var liður í venjubundnu eftirliti Tollgæslunnar, en leitir af þessu tagi eru framkvæmdar öðru hverju án þess að nokkur sérstakur grunur um fíkniefnamisferli liggi fyrir.

Viðskiptahugmynd að veruleika

Námskeið í stofnun og rekstri fyrirtækja

Svæðisvinnumiðlun Vestfjarða og Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða munu fara af stað með námskeið í stofnun og rekstri fyrirtækja seinni hluta janúarmánaðar. Námskeiðið verður þannig uppbyggt, að einstaklingar með viðskiptahugmyndir vinna að þeim í gegnum námskeiðið, sem standa mun frá janúar til júní. Um leið og ákveðnir efnisþættir verða lagðir inn hjá þátttakendum, fá þeir ráðgjöf og ráðleggingar með sínar hugmyndir, hvort sem þær eru enn á hugmyndastigi eða komnar til framkvæmda að einhverju leyti. Námskeiðið er því ekki síður ætlað þeim sem eru komnir af stað með fyrirtæki en skortir markaðs- og rekstrarþekkingu, heldur en þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref.

Meðal efnisþátta á námskeiðinu eru: Stofnun fyrirtækis, markaðsstarfsemi, fjármál, eignarform og skattamál, viðskiptaáætlun, sölu- og kynningartækni o.fl. Markmiðið með námskeiðinu er að tíu nýjar viðskiptahugmyndir líti dagsins ljós og komist til framkvæmda. Með því að virkja frumkvöðla á þennan hátt vilja Svæðisvinnumiðlunin og Atvinnuþróunarfélagið freista þess að auka við fjölbreytni starfa á Vestfjörðum og koma í veg fyrir atvinnuleysi. Stefnt er að samstarfi við banka og sparisjóði á Vestfjörðum til að fjármagna viðskiptahugmyndir.

Gert er ráð fyrir að námskeiðið verði að hluta til með fjarkennslusniði, þ.e. notast verður við fjarfundabúnað, þannig að fólk í Vesturbyggð og á Tálknafirði getur sótt námskeiðið þó að það fari að mestu fram á Ísafirði. Mun starfsmaður Atvinnuþróunarfélagsins í Vesturbyggð aðstoða þátttakendur á suðursvæði Vestfjarða við upphaf námskeiðsins. Verið er að athuga með aðgang að fjarfundabúnaði á Hólmavík, þannig að Strandamenn geti haft aðgang að námskeiðinu.

Þátttökugjöldum verður mjög stillt í hóf, en skráning og nánari upplýsingar eru hjá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða á Ísafirði. Þess skal getið, að námskeiðið er unnið í samvinnu við Iðntæknistofnun, sem fékk fjármagn úr Átaki til atvinnusköpunar til að kosta gerð námsefnis o.fl.

Umferðargetraunin Ungir vegfarendur

Burkni Dagur og Helga Margrét fengu aðalvinningana

Fyrir jólin sáu sýslumaðurinn og lögreglan á Ísafirði eins og venjulega um útdrátt og afhendingu verðlauna í umferðargetrauninni Ungir vegfarendur. Auk mikils fjölda bókaverðlauna, sem lögreglan ók með heim til hinna heppnu, var dregið um tvo aðalvinninga. Burkni Dagur Burknason á Suðureyri fékk flugfar til Reykjavíkur (og vestur aftur) og Helga Margrét Marzellíusardóttir á Ísafirði fékk fjölskylduveislu (pítsuveislu) á Pizza 67 á Ísafirði. Einnig fengu allir krakkar í fyrsta bekk í grunnskólunum lögguboli.

Frá afhendingu aðalverðlauna í umferðargetrauninni á skrifstofu sýslumannsins á Ísafirði. Helga Margrét og Burkni Dagur ásamt lögreglumönnunum Jónasi Hallgrími Ottóssyni og Rögnvaldi Ólafssyni og sýslumanninum á Ísafirði, Ólafi Helga Kjartanssyni. Gamlir sýslumenn Ísfirðinga fylgjast ánægðir með á veggnum að baki.

Á línunni hjá Hlyni Þór

Hlynur Snorrason verkefnisstjóri VáVest-hópsins

Afar einkennilegt...

Hvað segir þú um þá samþykkt bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 14. des. sl., að skora á löggjafann að leyfa sölu áfengis í matvöruverslunum?

Þar er tvennt sem stendur upp úr, að mínum dómi.

Í fyrsta lagi: Það er tæpt ár síðan bæjaryfirvöld hér ásamt Bolungarvíkurkaupstað og Súðavíkurhreppi fengu VáVest-hópinn sem nokkurs konar verktaka til aðstoðar við vímuvarnastarf og stefnumótun sveitarfélaganna í þeim málum. Þann 19. nóv. sl. sendi VáVest frá sér niðurstöður vinnufundar sem haldinn var á Núpi í haust, m.a. til bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar. Í byrjun þessa mánaðar samþykkti bæjarráð Ísafjarðarbæjar síðan að fela félagsmálanefnd og fræðslunefnd að vinna sameiginlega að vímuvarnastefnu Ísafjarðarbæjar og óska jafnframt eftir aðstoð frá VáVest við verkefnastjórnun í þeirri vinnu. Sú samþykkt var lögð fram í bæjarstjórn 14. desember og ekki gerðar neinar athugasemdir við hana. Í því ljósi finnst mér afar einkennilegt að samþykkt eins og sú sem þú spyrð um, skuli ekki vera nefnd einu orði við VáVest-hópinn, sem hefur þó verið fenginn til ráðgjafar við bæjaryfirvöld í þessum málum. Jafnframt má minna á samþykkt félagsmálanefndar frá 1. des. sl. um þetta mál, en samþykkt bæjarstjórnar gekk þvert á hana.

Í öðru lagi: Samþykkt sem þessi felur það í sér, að með þessu yrði aukið aðgengi að áfengi, með því að hafa það til sölu í almennum verslunum sem eru opnar langt fram á kvöld, einnig um helgar. Með þessu yrði jafnframt aukið aðgengi unglinga að áfengi, en það brýtur algerlega í bága við viðurkennda vímuvarnastarfsemi. Það er nógu erfitt að hafa eftirlit með einni vínbúð, þó að þetta bættist ekki við.

Hvernig litist þér á, að tóbaks- og áfengisauglýsingar yrðu leyfðar hérlendis og yrðu þá einhver öflugasti fjárhagslegi bakhjarl íþróttafélaga, eins og tíðkast í öðrum löndum?

Ákaflega illa.

Guðjón Þorsteinsson, framkvæmdastjóri KFÍ, lenti í hörmulegu umferðarslysi í Flórída í Bandaríkjunum 11. nóvember síðastliðinn. Tveir þungir og öflugir bílar lentu saman á fullri ferð. Í öðrum þeirra voru þeir Guðjón og mágur hans, David Bullman, en í hinum bílnum var tvítug stúlka. David, sem sat undir stýri, festist í bílflakinu og tók um klukkutíma að ná honum út. Hann andaðist lítilli stundu síðar. Guðjón slapp hins vegar ótrúlega lítið meiddur, miðað við hversu gríðarlega harður áreksturinn var.

Stúlkan sem ók hinum bílnum slasaðist mjög illa og er henni enn haldið sofandi á sjúkrahúsi. Svo kann að fara, að henni verði birt ákæra fyrir manndráp, þegar hún kemur til sjálfrar sín, þó ekkert verði um það fullyrt enn. Guðjón og fjölskylda hans vilja trúa því á meðan annað sannast ekki, að hér hafi einfaldlega verið um slys að ræða. Hins vegar eru grunsemdir um að stúlkan hafi ætlað að stytta sér aldur með því að sveigja á fullri ferð yfir á öfugan vegarhelming í veg fyrir annan bíl.

Guðjón Þorsteinsson segir frá reynslu sinni

„Á sjöggu augabragði"

Umferðarslys getur valdið áverkum á sálinni ekki síður en líkamanum

Enda þótt líkamlegir áverkar Guðjóns hafi verið ótrúlega litlir, þá verður naumast sagt hið sama um andlegu hliðina. Hann er óðum að ná sér af bringubeinsbroti, kominn með nýjar tennur í stað þeirra sem brotnuðu úr honum og handleggurinn og fæturnir eru að komast í samt lag. En lengri tíma mun taka að græða þau sárin sem síður mæta auganu.

Fararstjóri kvennalandsliðsins

Tildrög þess að Guðjón var á ferð á Flórída voru þau, að hann var fararstjóri íslenska kvennalandsliðsins í körfubolta, sem fór í boðsferð til Bandaríkjanna, heimsótti sex fylki og spilaði við skólalið. Keppnisferðin var mjög skemmtileg, tók ellefu daga og mannskapurinn, fjórtán í hóp í 49 manna rútu, ferðaðist um sex þúsund kílómetra innan Bandaríkjanna.

Þegar keppnisferðinni lauk 10. nóvember hélt hópurinn heim til Íslands, nema Guðjón, sem notaði tækifærið að heimsækja systur sína og mág, Kristjönu og David Bullman, í Ocala á Flórída. „Ég hlakkaði mikið til að hitta systur mína og David, sem var minn besti vinur. Kristjana var búin að vera lasin og það passaði að ég kom einmitt þegar hún var að útskrifast af spítala. Þarna voru þá líka í heimsókn frænka mín og maðurinn hennar, sem búsett eru á Grænlandi. Þetta voru því miklir fagnaðarfundir", segir Guðjón.

Kristjana og David Bullman, sem var lögreglumaður, kynntust í Washington á sínum tíma, en fluttust til Flórída fyrir þrettán árum.

Á leið niður á Daytona-strönd

Guðjón Þorsteinsson segir frá: „Daginn eftir, 11. nóvember, vaknaði ég á fögrum og sólbjörtum morgni. Við ákváðum að fara niður á strönd, niður á Daytona Beach, sem er um hálfs annars tíma akstur í burtu, og lögðum af stað um hádegisbilið. Við David vorum tveir saman í bíl, GMC-trukk, sem var þrjú og hálft tonn, en Kiddý systir og frænka mín og maður hennar voru í öðrum bíl og við vorum ekki í samfloti. Ég tek skyndilega eftir því að bíll sem kemur á móti sveigir yfir á öfugan vegarhelming og stefnir beint framan á okkur. David reyndi að beygja frá, en hinn bíllinn elti okkur hreinlega, þangað til bílarnir skullu saman beint framan hvor á annan."

Horfði í andlit stúlkunnar

„Ég man það svo greinilega, hvernig ég horfði í andlit stúlkunnar sem ók hinum bílnum. Við horfðumst í augu þegar bílarnir lentu saman. Mér finnst óhugnanlegt að hugsa til þess, að ef til vill hafi ekki verið allt með felldu hjá henni. Höggið var alveg ægilegt þegar bílarnir skullu saman og það hafa liðið einhverjar sekúndur þangað til ég losaði mig úr beltinu og fór út úr bílnum. Mér var mjög þungt fyrir brjósti og það blæddi mikið úr mér, en ég var með fullri rænu og áttaði mig alveg á því sem var að gerast. Ég fór kringum bílinn og reyndi að hjálpa David að komast út. Mér tókst að rífa upp hurðina hjá honum en meira gat ég ekki gert, hann var svo illa klemmdur inni í bílnum."

Kviknaði í bílnum

„Ég varð litlu síðar var við að það var kviknað í frammi í bílnum. Það kom þarna að maður með slökkvitæki og ég þreif það af honum og náði að slökkva eldinn. Sumir bílar keyrðu framhjá án þess að nema staðar en aðrir stoppuðu og þar á meðal kona sem ég bað um að hringja í lögreglu og tækjabíl. Ég sá að stúlkan í hinum bílnum var svo gjörsamlega klemmd inni í honum að það væri ekkert hægt að gera fyrir hana fyrr en menn með tæki væru komnir á staðinn. Ég bað svo sömu konuna um að hringja í systur mína og lesa inn á símsvarann hjá henni hvað hefði komið fyrir. Síðan lagðist ég fyrir á jörðina."

Á sjúkrahús

„Ég sá að það kom þyrla og slökkvilið og sjúkralið. Ég var tekinn og fluttur á sjúkrahús. Ég hjálpaði til við að koma mér upp á sjúkrabörurnar, enda er ég ekki manna léttastur. Mér var þá sagt að David væri á leiðinni þangað líka. Þegar ég var kominn á sjúkrahúsið var ég settur í röntgenmyndatöku og sneiðmyndatöku. Ég hafði fengið höfuðhögg og högg á andlitið og var alblóðugur og fann til í brjóstkassanum og vinstri handleggnum. Líka fann ég svolítið til í fótunum, en ekki meira en svo að ég gat alveg gengið, þó að það væri vont. Það sem mér fannst verst þarna á spítalanum að vita ekkert meira um David. Það voru margir sem komu að líta á mig, því að það þótti hálfgert kraftaverk og stórkostleg heppni að ég skyldi ekki vera verr á mig kominn. Mér fannst þetta óþægilegt og var alltaf að hugsa um David og hvar hann væri. Eitthvað um klukkutíma eftir að ég kom þarna inn var mér sagt að hann væri í aðgerð en hálftíma seinna var mér sagt að hann væri dáinn. Hann dó af innvortis blæðingum. Hann klemmdist mjög illa og var mjög illa farinn."

Hvað er „heppni"?

„Tíminn þarna á spítalanum var alveg hrikalegur, sérstaklega að vera með þennan heppnisstimpil á mér. Mér finnst það ennþá mjög óþægilegt þegar verið er að tala um hvað ég hafi verið heppinn. Ég er að vísu þakklátur fyrir það að hafa ekki slasast meira, en ég vildi ekki láta versta óvin minn ganga í gegnum „heppni" af þessu tagi. Ég er þakklátur fyrir að vera á lífi og geta gengið og talað. Eiginlega er það of ótrúlegt til að geta verið satt, því að eftir á að hyggja þegar búið er að skoða bílinn sem ég var í, þá á þetta ekki að vera hægt. Bíllinn var svo gersamlega klesstur saman, að það er með ólíkindum að ég skyldi hafa verið inni í honum."

Bílbeltið og brjóstkassinn

„Hinn bíllinn var Nissan pick-up, tvö og hálft tonn. Hann hefur væntanlega verið á eitthvað yfir hundrað kílómetra hraða en við höfum líklega verið á áttatíuníutíu þegar David bremsaði. Það mældust fimmtán metra bremsuför hjá okkur, þannig að það er ljóst að það var ekki mikill tími til að gera nokkurn skapaðan hlut. Það voru engin bremsuför eftir hinn bílinn. Við vorum báðir í beltum og það leyndi sér ekki hjá mér á eftir, því að það lá við að ég væri með framleiðslunúmerið á beltinu á brjóstkassanum. Ég er óneitanlega orðinn talsmaður bílbelta í dag. Það er enginn vafi að beltið bjargaði mér."

Sérkennileg vinnubrögð

„Meðferðin á sjúkrahúsinu úti var hálf fáránleg. Ég var myndaður og rannsakaður hátt og lágt, það var saumað og gert að meiðslum, en svo var ég látinn fara um kvöldið. Mér er það minnisstætt, að þegar ég var að labba út af spítalanum og var á leiðinni út í bíl, þá duttu umbúðirnar af handleggnum á mér. Það sýnir hversu vel var vandað til verka. Ég kom við í apóteki og keypti sáraumbúðir. Um kvöldið gleypti ég eina tönn og fleiri voru dinglandi lausar og daginn eftir fór ég til tannlæknis og lét líma upp í tanngarðinn á mér svo að ég yrði þolanlegri útlits í minningarathöfninni um David. Ég var hálf óhugnanlegur að sjá. En ég var alltaf með mikinn verk fyrir brjósti. Eftir minningarathöfnina var ég svo kvalinn, að ég fór fram á að komast aftur á spítala, og þá fyrst kom í ljós að ég var bringubeinsbrotinn.

Ég hefði mátt fá að vita það fyrr. Vinstri handleggurinn kom í veg fyrir að ég færi verr í andliti."

Ef, ef...

„Ég næ mér örugglega að fullu líkamlega. En þeir sem lenda í svona reynslu, að missa náinn vin í slysi, þeir eru ekki hamingjusamir að hafa sloppið sjálfir. Það liggur mjög þungt á mér að hafa ekki komið í veg fyrir þetta með einhverjum hætti. Ef ég hefði til dæmis verið nokkrum mínútum lengur að koma mér af stað, ef ég hefði verið aðeins lengur að reima skóna, þá hefði þetta líklega ekki gerst. Eða þegar við komum við á bensínstöðinni, ef ég hefði ekki farið inn aftur til að kaupa mér kók. Ég lifi þennan dag allan aftur og aftur og það sem mér finnst kannski óþægilegast er að hafa ekki hreinlega rotast í slysinu og verið fluttur á sjúkrahús án þess að upplifa allt á staðnum. En líklega var það nokkuð sem átti ekki að gerast, því að skýrslugjöfin hjá mér var það ítarleg að það var hægt að ganga frá málinu að mestu leyti strax. Það hefði allt verið miklu erfiðara í vöfum ef ég hefði ekki verið til vitnis.

Það er eitt sem ég hef fengið í gegnum þessa reynslu. Ég er trúaðri en ég var. Það má segja að röð af tilviljunum fyrir slysið hafi valdið því að ég lít öðrum augum á lífið en ég gerði áður. Og það má Guð vita, að ég er þakklátur að vera hér og þakklátur fyrir að vera kominn heim á Ísafjörð."

Í leit að friði

Guðjón var úti í Bandaríkjunum í nokkrar vikur eftir slysið. „Flugferðin heim var dálítið erfið. Það er ekki það besta að sitja í marga klukkutíma bringubeinsbrotinn. Það fyrsta sem ég gerði þegar ég kom til Ísafjarðar var að fara beint til læknanna hérna og láta rannsaka mig. Þeir sáu umsvifalaust að ég var bringubeinsbrotinn og voru hissa á því að það skyldi ekki uppgötvast strax í fyrsta skiptið þegar ég fór í myndatökur í miklu fullkomnari tækjum á spítalanum á Flórída. Ég lagðist seinna inn á sjúkrahúsið hér í tvo og hálfan sólarhring, en að öðru leyti er ég búinn að vera heima og reyna að slappa af og gera sem minnst. En það er líka erfitt að gera ekki neitt og erfitt að íþyngja fjölskyldunni með veikindum. Mér finnst ég alveg vera búinn að fá minn skammt af slíku gegnum árin og mundi gjarna þiggja að fá að vera í friði í nokkur ár. En maður bíður bara og tekur því sem að höndum ber. Ég hef þurft að bíta á jaxlinn og ætla mér að vera kominn á fulla ferð á næsta ári. Ég er að leita að friði og þetta er að koma hægt og rólega með hjálp góðra manna hér í bænum, svo sem Júlíusar sálfræðings og læknanna hérna heima – og svo auðvitað fjölskyldu minnar."

– Andlega áfallið hefur verið meira en það líkamlega...

„Já. Ég er sterkbyggður líkamlega og hef ekki hingað til kippt mér mikið upp við einhverja smáskurði eða annað slíkt. Ég hef lent í það miklum skurðaðgerðum og fleiru. En andlega hliðin er alveg ægileg eftir að hafa lent í lífsreynslu af þessu tagi. Það verður mikil og erfið vinna að sætta sig við þetta. Það er ákaflega vond tilfinning að vita að David var fastur í bílnum í klukkutíma áður en hann náðist út og vita að hann var með rænu allan tímann og talaði við björgunarmennina. En eitt get ég huggað mig við: Ég gat forðað honum frá því að brenna í bílflakinu. Ef ég hefði séð hann brenna til bana, þá held ég að ég hefði ekki getað lifað við það. Og vitneskjan um að ég skyldi þó hafa gert það sem ég mögulega gat á slysstaðnum mun einhvern tímann hjálpa mér að einhverju leyti til að fá frið í sálinni."

Eftir slysið er Guðjón sífellt bílhræddur – ekki vegna



bílstjórans í þeim bíl sem hann er í sjálfur, hvort sem það er hann eða einhver annar, heldur vegna annarra bílstjóra í umferðinni.

Hlýja úr öllum áttum

„Núna er fyrsta skiptið í mörg, mörg ár, sem ég hef ekki fundið fyrir neinu jólaskapi fyrir jólin. En allir hafa verið mér óskaplega góðir og sýnt mér mikla hlýju. Tengdaforeldrar mínir hafa reynst mér ómetanlegir eins og alltaf. Allir í körfuboltanum og stuðningsmenn KFÍ hafa reynst okkur hjónunum einstaklega vel, og reyndar félagarnir í körfuboltanum um allt land. Það er alveg ótrúlegt. Maður finnur best þegar áföll verða, hvað maður á marga að. Í daglegu amstri hættir manni til að taka allt sem sjálfsagða hluti. Og nú finn ég líka best, hvað það er gott að eiga heima á Íslandi. Tryggingakerfið í Bandaríkjunum er ekki það allra viðkunnanlegasta. Sem dæmi má nefna, að fjórum dögum eftir að mágur minn var jarðsettur kom reikningur frá spítalanum upp á sem svarar rúmlega 1,7 milljónum króna. Reikninginn fékk systir mín í pósti frá lögfræðingi spítalans. Svona lagað finnast mér vægast sagt ógeðfellt. Ég vona að málum systur minnar hvað þessa hlið snertir getið lokið farsællega sem allra fyrst. En mér þykir illt til þess að vita, að blessuð stúlkan, sem ók hinum bílnum og liggur á spítala mjög illa farin og er ennþá haldið sofandi, skuli hugsanlega eiga það yfir höfði sér að verða ákærð fyrir manndráp þegar hún vaknar."

Við báðum fyrir henni

„Ég vildi ekki vera í hennar sporum þegar hún vaknar. Ef, og ég segi aftur ef – ef það kemur í ljós að hún hafi ætlað að fyrirfara sér með þessum hætti, þá er ég hræddur um að lífið geti orðið henni þungbært. Við báðum fyrir henni og báðum annað fólk að gera það líka. Við viljum henni ekkert nema gott. Og meðan ekkert annað kemur í ljós, þá lítum við á þetta sem slys. Manni líður ekkert betur með því að skella skuldinni á einhvern. Stúlkan getur hafa fengið eitthvert aðsvif undir stýri eða eitthvað annað komið fyrir sem maður veit ekki um.

Það varð einfaldlega hörmulegt slys og það er ekki hægt að kenna einum eða neinum um. Maður verður einungis að reyna að sætta sig við orðinn hlut og halda sínu striki. Þegar við þekkjum tilgang okkar í lífinu, jafnvel þótt hann sé lítilfjörlegur, þá fyrst verðum við hamingjusöm. Þá fyrst getum við lifað og dáið í friði. Því að það sem gefur lífinu merkingu, gefur einnig dauðanum merkingu", sagði Guðjón Þorsteinsson.

– Hlynur Þór Magnússon.

Árið 1998

Komið er undir áramót og stutt þar til árið 1999 gengur í garð. Við hæfi er að líta yfir farinn veg í nokkrum atriðum. Árið hefur verið nokkuð gott. Veturinn 1998 var fremur snjóléttur og svo að heldur kvörtuðu skíðamenn undan því, að ekki væri nóg. Sumarið og haustið voru einnig þokkalega veðursæl. Umhleypingar hafa verið í haust, en það er engin nýlunda.

Framan af ári horfði illa með þróun byggðar. Íbúum á Vestfjörðum hafði fækkað mjög fyrstu níu mánuði ársins samkvæmt tölum Hagstofunnar. Þess vegna var ánægjulegt að bráðabirgðatölur Hagstofunnar um mannfjölda á Vestfjörðum 1. desember síðast liðinn sýndu einungis fækkun fólks, sem nam 0,6 prósentustigum og er það mikil breyting til batnaðar frá fyrri árum. En betur má ef duga skal. Sveitarstjórnarmenn, alþingismenn og íbúar verða að taka höndum saman og snúa þessari þróun við, þannig að næst sýni tölur þjóðskrárinnar fjölgun á Vestfjörðum. Vonandi eru nú að verða skil og þeirri fólksfækkun sem fylgdi í kjölfar snjóflóðanna er féllu á Súðavík og Flateyri 1995 að ljúka.

Árið sem senn er á enda runnið hefur sýnt að gott er að búa á Vestfjörðum og íbúar eiga alla möguleika á því að renna styrkari stoðum undir byggð. Meðal þess sem vert er að nefna og til framfara horfir er fjarkennsla á háskólastigi. Í samvinnu Háskólans á Akureyri, Framhaldsskóla Vestfjarða á Ísafirði og Ísafjarðarbæjar hefur nú verið kennd hjúkrun í fjarnámi á Ísafirði. Er það mikið framfaraspor og vonandi að framhald verði þar á.



Stakkur skrifar

Kosningaár

Kosið var til sveitarstjórna á árinu. Í Ísafjarðarbæ var nú myndaður nýr meirihluti bæjarstjórnar undir forsæti Birnu Lárusdóttur. Bæjarstjóri var ráðinn Halldór Halldórsson og formaður bæjarráðs varð Guðni Jóhannesson. Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur halda því um valdataumana í Ísafjarðarbæ. Í Bolungarvík vann Ólafur Kristjánsson bæjarstjóri stóran sigur með meðframbjóðendum sínum á lista sjálfstæðisflokksins og fékk hreinan meirihluta. Í Súðavík tapaði Heiðar Guðbrandsson samferðamanni sínum í hreppsnefnd. Meirihlutinn stækkaði og minnihlutinn minnkaði. Nokkrar ýfingar urðu á Patreksfirði í framhaldi kosninga og situr nú Guðbrandur Stígur Ágústsson einn í minnihluta. Annars staðar urðu ekki mikil tíðindi í sveitarstjórnarmálum.

Enn urðu málefni grunnskóla á Ísafirði nokkuð fyrirferðarmikil í fjölmiðlum. Tvær efstu hæðirnar í Kaupfélagshúsinu voru keyptar og komið þar upp ágætri aðstöðu. Ekki voru öll kurl komin til grafar varðandi kostnað undir árslok. En minnihluti bæjarstjórnar býsnast mikið yfir kostnaði og telur hann hafa farið með öllu úr böndunum. Kennarar hafa hins vegar lýst ánægju sinni með aðstöðuna.

Undirbúningur að kosningum á vori komanda, 1999, er hafinn. Kristinn H. Gunnarsson er genginn til liðs við Framsóknarflokkinn og sýnist sitt hverjum, eins og við var að búast. Þingmenn Framsóknarflokksins eru því orðnir tveir, en svo hefur ekki verið síðan á dögum Steingríms Hermannssonar. Samfylking vinstrimanna hefur ákveðið að bjóða fram Sighvat Björgvinsson alþingismann og séra Karl V. Matthíasson, sóknarprest í Grundarfirði, áður á Ísafirði og á Suðureyri. Sjálfstæðismenn hafa ákveðið að stilla upp með handafli og þykir líklegt að Einar K. og Einar Oddur verði í framboði í þessari röð. Sem þriðji maður vill komast sýslumaður Patreksfirðinga, Þórólfur Halldórsson, en Ólafur Hannibalsson hefur ekki látið neitt uppi um að hann hyggist gefa eftir sætið.

Segja má að kosningaárin 1998 og 1999 renni saman. Ekki hefur heyrst neitt um það enn hvernig Framsóknarflokkurinn vill stilla upp. Á Kvennalistann hefur ekki verið minnst.

Hvað boðar nýtt ár?

„Hvað það verður veit nú enginn, vandi er um slíkt að spá" segir í vísunni margkveðnu. Heldur hefur lifnað yfir mörgu og ekki síst mannlífi á Vestfjörðum. Enn ríkir óvissa um framhald smábátaútgerðar á Vestfjörðum. Stór útgerðarfyrirtæki eru að velta vöngum yfir sameiningu til þess að styrkja stöðu útgerðar á Vestfjörðum. Bæjarstjórnir og sveitarstjórnir eiga vandasamt starf fyrir höndum að ná böndum á fjármál sveitarfélaganna. Óneitanlega verður forvitnilegt að sjá með hvaða hætti Alþingi og ríkisstjórn hyggjast taka á byggðamálum, þeirra sem lengst eru frá Reykjavík.

Menntamál virðast skipa einna hæstan sess auk samgöngumála þegar rætt er um kosti fólks er býr í hinni margumræddu landsbyggð. Íbúarnir sjálfir verða að gera sér grein fyrir kostunum og liggja ekki á liði sínu að greina frá þeim. Hið versta er sundurlyndið, sem stundum grípur menn. Stefnumótun þarf að koma í miklu ríkari mæli heiman að. Þar hefur Fjórðungssamband Vestfirðinga gerst nokkur brautryðjandi en betur má ef duga skal. Taka þarf meðvitaðar stefnumarkandi ákvarðanir af hálfu stærstu sveitarfélaganna, þanig að ljóst megi vera hver sé hinn pólitíski vilji heimamanna.

Áður en ákvarðanir verða teknar er þó brýnt að fram fari skilvirk umræða. Hún verður að eiga sér stað víðar en í sveitarstjórnum. Félög og félagasamtök ásamt fyrirtækjum og einstaklingum eiga þar öll mikilvægu hlutverki að gegna. Í tengslum við kosningar er rétt að ganga eftir því hvað hin pólitísku framboð til þings ætla sér og jafnframt hvers megnug þau kunna að verða.

Lesendum er óskað gleðilegs árs og þökkuð samfylgdin á þessu, sem brátt er horfið.

-Stakkur.

HEILBRIGÐISSTOFNUNIN ÍSAFJARÐARBÆ

Tjónabifreið

Tilboð óskast í bifreiðina SU-370 sem er löskuð eftir ákeyrslu. Bifreiðin er af tegundinni Mitsubishi Pajero V6 3000, árg. 1991.

Bifreiðin er ekin um það bil 65.000 kílómetra og selst í núverandi ástandi.

Nánari upplýsingar veitir framkvæmdastjóri (450-4513) fyrir 10. janúar 1999.

Flugmálastjórn Ísafjarðarflugvelli

Starfsmann vantar til afleysinga í flugturni í að minnsta kosti eitt ár. Reglusemi og góð enskukunnátta er nauðsynleg.

Umsóknum sé skilað til starfsmannahalds Flugmálstjórnar á Reykjavíkurflugvelli, 101 Reykjavík fyrir 12. janúar 1999.

Allar upplýsingar um málið eru veittar í síma 456 3640.

Þökkum af alhug öllum þeim sem sýnt hafa okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa

Sigurðar Finnbogasonar
Sunnuholti 6, Ísafirði

Signý B. Rósantsdóttir
Ólafur R. Sigurðsson Gísla Björg Einarsdóttir
Sigrún Sigurðardóttir
Sigþór Sigurðsson
Hafrún Huld Ólafsdóttir

Skólastjóri óskast!

Snerpa ehf., óskar eftir aðila til að sjá um og skipuleggja tölvunámskeið Snerpu. Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt og hafa mikið frumkvæði.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jón Arnar í síma 456 5470 eða 895 1241.

Snerpa ehf.
Ísafirði.

Arnar G. Hinriksson hdl.

Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

Hef til sölu fasteignir víða á Vestfjörðum

Allar nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu

DAGSKRÁ

29. DESEMBER 1998 - 3. JANÚAR 1999

SJÓNVARPIÐ

ÞRIÐJUDAGUR 29. DESEMBER 1998

11.30 Skjáleikurinn
16.45 Leiðarljós
17.30 Fréttir
17.35 Auglýsingatími
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Eyjan hans Nóa (13:13)
18.30 Þrír vinir (1:8)
19.00 Nornin unga (13:26)
19.27 Kolkrabbinn
20.00 Fréttir, íþróttir og veður
20.40 1999
Þáttur í beinni útsendingu þar sem nokkrir valinkunnir Íslendingar horfa fram á veginn.
21.20 Ekki kvenmannsverk (6:6)
22.15 Titringur
23.00 Ellefufréttir og íþróttir
23.20 Auglýsingatími - Víða
23.35 Skjáleikurinn

MIÐVIKUDAGUR 30. DESEMBER 1998

11.30 Skjáleikurinn
16.45 Leiðarljós
17.30 Fréttir
17.35 Auglýsingatími
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Myndasafnið
18.30 Ferðaleiðir
19.00 Andmann (12:26)
19.27 Kolkrabbinn
20.00 Fréttir, íþróttir og veður
20.40 Víkingalottó
20.45 Mósaík
21.30 Laus og liðug (21:22)
22.00 Nýi presturinn (9:12)
22.50 Handboltakvöld
23.10 Útvarpsfréttir í dagskrárlok
23.20 Skjáleikurinn

FIMMTUDAGUR 31. DESEMBER 1998

09.00 Morgunsjónvarp barnanna
11.00 Hlé
12.50 Táknmálsfréttir
13.00 Fréttir og veður
13.30 Jólastundin okkar
14.30 Pappírs-Pési
14.45 Þorskurinn
14.50 Þrjú ess
15.00 Í fjölleikahúsi
16.00 Íþróttaannáll 1998
18.00 Hlé
20.00 Ávarp forsætisráðherra.
20.20 Svipmyndir af innlendum
21.20 Svipmyndir af erlendum
22.30 Áramótaskaup Sjónvarpsins
23.35 Kveðja frá Ríkisútvarpinu
Áramótaávarp útvarpsstjóra, Markúsar Arnar Antonssonar.
00.10 Brigadoon
(Brigadoon)
Bandarísk söngvamynd frá 1954. Tveir Bandaríkjamenn koma til þorpsins Brigadoon í skosku hálöndunum sem vaknar aðeins til lífsins einn dag á öld. Annar þeirra verður hrifinn af stúlku á staðnum og verður að gera upp við sig hvort hann er tilbúinn að fórna öllu fyrir ástina og setjast að í þessu skrýtna þorpi. *Aðalhlutverk: Gene Kelly, Van Johnson, Cyd Charisse, Elaine Stewart, Barry Jones og Albert Sharpe.*
02.00 Dagskrárlok

FÖSTUDAGUR 1. JANÚAR 1998

09.00 Morgunsjónvarp barnanna
10.35 Hlé
13.00 Ávarp forseta Íslands, herra Ólafs Ragnars Grímssonar
13.35 Svipmyndir af innlendum og erlendum vettvangi
15.20 Rigoletto
17.15 Lofsöngvar
18.00 Að baka vandræði
Söguhetja myndarinnar er Beggi sem er níu ára. Dag einn fer hann með afa sínum, Lúðvík bakara, í vinnuna. Þar sýnir afi Begga trúlofunarhring sem hann hefur keypt handa kærustunni sinni. Fyrir klaufa-skap Jónasar bakarasendils týnist hringurinn þegar Beggi stelst til að skoða hann. *Aðalhlutverk: Jason Egilsson, Stefán Karl Stefánsson, Bessi Bjarnason og Guðrún Ás-mundsdóttir.*
18.15 Töfraskórnir
18.30 Barnaefni.
19.00 Skautasýning
20.00 Fréttir, veður og íþróttir
20.25 Slurpinn & Co.
20.40 Undirdjúp Íslands
21.35 Moby Dick (1:2)
(Moby Dick)
Ný bandarísk sjónvarpsmynd í tveimur hlutum gerð eftir sígildri sögu Hermans Melvilles um baráttu Akabs skipstjóra við hvalinn hvíta. Seinni hlutinn verður sýndur á laugardagskvöld. *Aðalhlutverk: Patrick Stewart, Gregory Peck, Ted Levine og Henry Thomas.*
23.05 Blásið í hornið
Bandarísk bíómynd frá 1963 byggð á leikriti eftir Neil Simon um glaumgosa sem kennir yngri bróður sínum að lifa hinu ljúfa lífi. *Aðalhlutverk: Frank Sinatra, Lee J. Cobb, Molly Picon, Barbara Rush.*
00.45 Útvarpsfréttir
00.55 Skjáleikur

LAUGARDAGUR 2. JANÚAR 1998

09.00 Morgunsjónvarp barnanna
11.00 Heimsbikarmót á skíðum
Upptaka frá fyrri umferð í stórsvigi kvenna í Maribor fyrr um morguninn. Seinni umferðin verður sýnd beint kl. 12.00.
13.00 Skjáleikur
15.45 Auglýsingatími
16.00 Íþróttaannáll 1998
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Einu sinni var... (10:26)
18.25 Sterkasti maður heims 1998
19.00 Stockinger (4:7)
20.00 Fréttir, íþróttir og veður
20.40 Lottó
20.50 Moby Dick (2:2)
22.20 Flóttamaðurinn
(The Fugitive)
Bandarísk spennumynd frá 1993 um mann sem er sakaður um að hafa myrt eiginkonu sína og er á flótta undan lögreglunni. *Aðalhlutverk: Harrison Ford og Tommy Lee Jones.*
00.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlok
00.40 Skjáleikur

SUNNUDAGUR 3. JANÚAR 1998

09.00 Morgunsjónvarp barnanna
10.30 Heimsbikarmót á skíðum
Upptaka frá fyrri umferð í svigi kvenna í Maribor fyrr um morguninn. Seinni umferðin verður sýnd beint kl. 11.30.
13.00 Öldin okkar (1:26)
14.00 Sören Kierkegaard
15.00 Pocahontas
Bandarísk ævintýramynd frá 1995. Árið 1607 kom Bretinn John Smith til Ameríku í ævintýraleit. Powhatan-indíánar tóku hann höndum og hugðust lífláta hann en prinsessan Pocahontas bjargaði lífi hans. *Aðalhlutverk: Sandrine Holt, Miles O´Keeffe og Tony Goldwyn.*
16.50 Spekingar spjalla
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Stundin okkar
18.30 Víetnam (2:3)
19.00 Geimferðin (24:52)
19.50 Ljóð vikunnar
20.00 Fréttir, íþróttir og veður
20.40 Sunnudagsleikhúsið
Fastir liðir eins og venjulega (1:6)
Léttur fjölskylduharmleikur sem á sér að mestu stað í þriggja íbúða raðhúsi í smáborgaraborg á Íslandi. Aðalhlutverk: Júlíus Brjánsson, Ragnheiður Steindórsdóttir, Jóhann Sigurðarson.
21.15 Sönn íslensk sakamál (1:6)
21.45 Helgarsportið
22.10 Educating Rita
Bresk bíómynd frá 1983 gerð eftir leikriti Willys Russells. Hárgreiðsludama sækir tíma hjá drykkfeldum enskukennara og þegar upp er staðið hafa þau lært sitthvað hvort af öðru. *Aðalhlutverk: Michael Caine og Julie Walters.*
00.00 Ljóð vikunnar
00.05 Útvarpsfréttir í dagskrárlok
00.15 Skjáleikurinn

STÖÐ-2

ÞRIÐJUDAGUR 29. DESEMBER 1998

13.00 Chicago-sjúkrahúsið
13.45 Lífverðir (1:7) (e)
(Bodyguards)
Þeir eru óbeinir þátttakendur í lífi fína og ríka fólksins. Þeir gæta verðmætra lífa, allt frá börnum ríkra kaupsýslumanna til kóngafólks. En áhættan í starfinu er mikil og oft lenda þeir í erfiðri aðstöðu, eru jafnvel lykilvitni í morðmálum. *Aðalhlutverk: Louise Lombard.*
14.25 Sannleikurinn um töfrabrögðin
(Hidden Secrets of Magic)
Akabradabra og allir kunna að galdra! Í þættinum kynnumst við hæfileikum sjónhverfingamannanna Lance Burton, Ernest Ostrowsky, Mark Kalin & Jinger, Bill Malone og Steve Forte. Þeir sýna á ótvíræðan hátt hæfileika sína til að galdra.
16.00 Í Sælulandi
16.25 Bangsímon (8:39)
16.45 Illi skólastjórinn 2
17.10 Simpson-fjölskyldan
17.35 Glæstar vonir
18.00 Fréttir
18.05 Sjónvarpskringlan
18.30 Nágrannar
19.00 19>20
19.30 Fréttir
19.55 Íþróttamaður ársins
Bein útsending frá krýningu íþróttamanns ársins. Samtök íþróttafréttamanna standa að kjörinu. Síðast varð Jón Arnar Magnússon fyrir valinu en hver verður það í ár?
20.30 Handlaginn heimilisfaðir
21.00 Þorpslöggan (10:17)
21.55 Fóstbræður (5:8) (e)
22.30 Kvöldfréttir
22.50 Tólf apar (e)
(Twelve Monkeys)
Leyndardómurinn um apana 12 liggur á mörkum fortíðar og framtíðar, skynsemi og geðveiki og draums og veruleika. *Aðalhlutverk: Bruce Willis, Madeleine Stowe og Brad Pitt.*
00.55 Dagskrárlok

MIÐVIKUDAGUR 30. DESEMBER 1998

13.00 Rockford - refsing og glæpur
14.25 Ein á báti (17:22) (e)
15.25 Slökkviliðið í Reykjavík (e)
16.00 Brakúla greifi
16.25 Bangsímon (9:39)
16.45 Hreiðar hreindýr
16.55 Ómar
17.20 Glæstar vonir
17.40 Sjónvarpskringlan
18.00 Fréttir
18.05 Beverly Hills 90210
19.00 19>20
19.30 Fréttir
20.05 Chicago-sjúkrahúsið (16:26)
21.00 Ellen (22:25)
21.30 Ally McBeal (18:22)
22.20 Í deiglunni
(The Crucible)
Myndin er gerð eftir samnefndu leikriti Arthurs Millers. Fjallað er um hinar illræmdu nornaveiðar sem blossuðu upp í Salem í Massachusetts árið 1692. Nokkrar unglingsstúlkur æsa hver aðra upp í undarlegum athöfnum sem minna helst á heiðinn sið. Ein stúlknanna drekkur hanablóð og heitir því að drepa eiginkonu mannsins sem sængað hefur hjá henni. Fregnir af athæfi stúlknanna spyrjast út og samstundis grípur um sig mikið fár. Í þá daga voru galdranornir hengdar. *Aðalhlutverk: Daniel Day-Lewis, Winona Ryder og Joan Allen.*
00.25 Mætt aftur (e)
(Hello Again)
Bandaríska húsmóðirin Lucy Chadman kafnar einn góðan veðurdag. Ári síðar nær systir hennar að töfra hana aftur til jarðlífsins en þá kemst Lucy að því að flest hefur breyst og fáir eru til að fagna komu hennar. *Aðalhlutverk: Corbin Bernsen, Gabriel Byrne, Shelley Long og Judith Ivey.*
02.05 Rockford - refsing og glæpur
03.35 Dagskrárlok

FIMMTUDAGUR 31. DESEMBER 1998

09.00 Bangsímon (10:39)
09.25 Litla stúlkan með eldspýturnar
(Little Match Girl)
Falleg teiknimynd er lauslega byggð á sögunni sígildu eftir Hans Christian Andersen.
09.50 Þytur í laufi (e)
Hugljúf teiknimynd fyrir alla fjölskylduna.
11.00 Vaski grísinn Baddi (e)
12.30 Daewoo mótorsport
Brot af því besta úr íslensku mótorsporti árið 1998.
13.30 Fréttir
13.50 Kryddsíld 1998
Bein útsending frá Hótel Borg. Páll Magnússon, Edda Andrésdóttir og Sigmundur Ernir Rúnarsson taka á móti góðum gestum úr heimi stjórnmálanna og líta yfir farinn veg í gamni og alvöru. Einnig koma fram ýmsir skemmtikraftar og maður ársins verður valinn.
15.05 Íþróttaannáll 1998
Valtýr Björn og félagar hans á íþróttadeildinni stikla á stóru í íþróttalífi ársins sem er að líða.
16.00 Rikki ríki (e)
17.35 Hlé á dagskrá
20.00 Ávarp Forsætisráðherra
20.30 Fréttaannáll 1998
Fjallað er á lifandi og skemmtilegan hátt um helstu atburði ársins 1998, bæði hér heima og erlendis.
21.30 Ísland í ár
22.40 Uppistand með Jerry Seinfeld
(Jerry Seinfeld: I'm Telling You For the Last Time)
Skemmtidagskrá með Jerry Seinfeld á sviði. Þátturinn var tekinn upp á Broadway í ágúst 1998. Þeir sem misstu af Seinfeld þegar hann skemmti Íslendingum í Háskólabíói ættu ekki að láta þennan þátt fram hjá sér fara.
00.00 Nú árið er liðið
00.05 Nýársrokk
00.30 Kletturinn (e)
(The Rock)
Hér er svo sannarlega stjörnubjart. Hópur landgönguliða tekur 81 ferðamann á eyjunni Alcatraz í gíslingu og hótar öllu illu ef ekki verður gengið að kröfum þeirra. Hörkuspennandi mynd þar sem um líf og dauða fjölmargra manna er að tefla. Það er óhætt að mæla með þessari mynd fyrir alla unnendur spennumynda. *Aðalhlutverk: Sean Connery, Ed Harris og Nicholas Cage.*
02.45 Tilgangur lífsins (e)
(Monty Python's The Meaning Of Life)
Myndin er gerð af Monthy Python genginu svokallaða. Hér er um að ræða gáskafullan gamanleik sem tekur á nokkrum helstu spurningunum um tilveru mannsins. Áhorfandinn er leiddur á óvenjulegan hátt inn í aðstæður þar sem þessum spurningum er svarað. *Aðalhlutverk: John Cleese, Terry Gilliam og Graham Chapman.*
04.30 Dagskrárlok

FÖSTUDAGUR 1. JANÚAR 1999

09.00 Ævintýraferðin (e)
10.20 Bangsímon
10.45 Gátuland
11.15 Orri og Ólafía
11.40 Bókagaldur
13.00 Ávarp forseta Íslands
13.20 La Boheme (e)
15.10 Að eilífu Batman (e)
17.10 Kryddsíld 1998
Bein útsending frá Hótel Borg. Páll Magnússon, Edda Andrésdóttir og Sigmundur Ernir Rúnarsson taka á móti góðum gestum úr heimi stjórnmálanna og líta yfir farinn veg í gamni og alvöru. Einnig koma fram ýmsir skemmtikraftar og maður ársins verður valinn.
18.25 Ísland í ár
19.30 Fréttir
19.50 Nýársbomba Fóstbræðra
20.30 Horfinn heimur
(Lost World: The Jurassic Park)
Sjálfstætt framhald einhverrar vinsælustu myndar allra tíma sem sló öll aðsóknarmet í Bandaríkjunum. *Aðalhlutverk: Jeff Goldblum, Julianne Moore, Pete Postlethwaite og Richard Attenborough.*
22.35 Lesið í snjóinn
(Smilla's Sense of Snow)
Smilla Jaspersen er af grænlenskum uppruna og býr í Kaupmannahöfn. Kær vinur hennar er sex ára inúítadrengur sem býr í sama húsi og hún. Dag einn fellur hann ofan af þaki og lætur lífið. Yfirvöld telja að þarna hafi verið um slys að ræða en Smilla telur það útilokað. *Aðalhlutverk: Julia Ormond, Gabriel Byrne, Richard Harris og Vanessa Redgrave.*
00.35 Vatnaveröld (e)
02.45 Höfuð upp úr vatni (e)
04.30 Dagskrárlok

LAUGARDAGUR 2. JANÚAR 1999

09.00 Með afa
09.50 Sögustund með Janosch
10.15 Dagbókin hans Dúa
10.40 Villingarnir
11.10 Batman
11.30 Ævintýraheimur Enid Blyton
12.00 Jólatréð (e)
13.45 Fréttaannáll 1998
Fjallað er á lifandi og skemmtilegan hátt um helstu atburði ársins 1998.
14.45 Enski boltinn
Bein útsending frá leik í 3. umferð bikarkeppninnar.
17.00 Silfri (e)
18.35 Glæstar vonir
19.00 19>20
19.30 Fréttir
20.05 Vinir (21:24)
20.35 Seinfeld (12:22)
21.05 Beggja handa járn
(Reckless)
Johnny Rourke er uppreisnargjarn náungi sem virðist á góðri leið með að brenna allar brýr að baki sér. Hann vill fá eitthvað meira út úr lífinu en veit ekki hvernig hann á að fara að. *Aðalhlutverk: Aidan Quinn, Daryl Hannah og Kenneth McMillan.*
22.40 Fangaflug
(Con Air)
Æsispennandi bíómynd sem gerist um borð í lögregluþotu sem flytur árlega um 150.000 glæpamenn milli landshluta í Bandaríkjunum. *Aðalhlutverk: Nicholas Cage, John Malkovich og John Cusack.*
00.35 Fuglinn í flöskunni (e)
02.10 Billy Madison (e)
03.40 Dagskrárlok

SUNNUDAGUR 3. JANÚAR 1999

09.00 Brúmmi
09.05 Urmull
09.30 Sögur úr Broca stræti
09.45 Köttur út' í mýri
10.10 Tímon, Púmba og félagar
10.35 Andrés Önd og gengið
11.00 Unglingsárin (10:13) (e)
11.30 Frank og Jói
12.00 Skáldatími (10:12) (e)
12.30 Sjónvarpskringlan
13.00 Íþróttir á sunnudegi
16.30 Ástin hefur hýrar brár (e)
18.00 Gerð myndarinnar Titanic
18.30 Glæstar vonir
19.00 19>20
19.30 Fréttir
20.05 Ástir og átök (21:25)
20.35 Fornbókabúðin (2:4)
21.05 Sakleysinginn
23.05 60 mínútur
23.50 Heiður himinn (e)
01.30 Dagskrárlok

ÞRIÐJUDAGUR 29. DESEMBER 1998

****** Skjáleikur**
17.00 Taumlaus tónlist
17.20 Dýrlingurinn
18.05 Sjónvarpskringlan
18.25 Ofurhugar (e)
18.50 Knattspyrna í Asíu
19.50 Enski boltinn
Bein útsending frá leik ***Chelsea*** og ***Manchester United*** í ensku úrvalsdeildinni.
21.50 Þrúgur reiðinnar
(Grapes Of Wrath)
Sígild saga eftir John Steinbeck sem gerist á kreppuárunum. Þegar Tom Joad kemur heim úr fangelsi hefur fjölskyldan afráðið að flytja frá Oklahoma til Kaliforníu. Eftir erfitt ferðalag koma þau til vesturstrandarinnar en þar tekur ekkert betra við. *Aðalhlutverk: Henry Fonda, Jane Darwell, John Carradine og Charlie Grapewin.*
23.55 Enski boltinn
00.55 Óráðnar gátur (e)
01.40 Dagskrárlok og skjáleikur

MIÐVIKUDAGUR 30. DESEMBER 1998

****** Skjáleikur**
17.00 Nýliði ársins
18.40 Sjónvarpskringlan
19.00 Golfmót í Bandaríkjunum
20.00 Mannaveiðar (17:26)
20.50 Sterkasti maður Íslands 1998
21.20 Önnur kona
(Another Woman)
Hér segir frá konu sem er prófessor í heimspeki. Á yfirborðinu virðist líf hennar í jafnvægi en undir niðri krauma óuppgerð mál. Hún stendur á ákveðnum tímamótum og uppgjör er óumflýjanlegt. *Aðalhlutverk: Gena Rowlands, Mia Farrow, Ian Holm, Blythe Danner og Gene Hackman.*
22.40 Lögregluforinginn Nash
23.25 Ástarvakinn 5
Ljósblá kvikmynd.
01.00 Dagskrárlok og skjáleikur

FIMMTUDAGUR 31. DESEMBER 1998

****** Skjáleikur**
17.00 Kraftaverk á jólum
18.35 Strákapör
(The Sandlot)
Hugljúf gamanmynd sem gerist árið 1962. Hér segir af strákahóp sem spilar hafnarbolta allt sumarið og hvernig þeir taka nýjum strák sem ekkert vit hefur á íþróttinni. *Aðalhlutverk: Tom Guiry, Mike Vitar og Patrick Renna.*
20.15 Gyðjur söngsins
Útsending frá tónleikum í Beaconleikhúsinu í New York fyrr á þessu ári en yfirskrift þeirra var ,,Save the Music''. Fram koma Celine Dion, Shania Twain,Gloria Estefan, Mariah Carey og Aretha Franklin.
21.40 Nú eða aldrei
(Touch And Go)
Hópur ungmenna ræðst á kunna íshokkístjörnu. Tilgangurinn er ræna peningum af leikmanninum en það fer á annan veg. Íþróttamaðurinn bregst ókvæða við og hrekur krakkana á flótta. Sá yngsti er ekki nógu fljótur að hlaupa og svo fer að fórnarlambið ekur litla afbrotamanninum til síns heima. Þar tekur mamman á móti þeim og hún hrífst mjög af hinni réttsýnu íþróttastjörnu. *Aðalhlutverk: Michael Keaton, Maria Conchita Alonso og Ajay Naidu.*
23.25 Priscilla, drottning eyðimerkurinnar
Myndin fjallar um þrjá félaga sem boðið er að sýna sérstæðan kabarett sinn á hóteli í Alice Springs, mitt í óbyggðum Ástralíu. *Aðalhlutverk: Terence Stamp, Hugo Weaving og Guy Pearce.*
01.05 Rolling Stones á tónleikum
Útsending frá tónleikum frægustu rokksveitar heims, Rolling Stones, sem haldnir voru í St. Louis í Bandaríkjunum. Á tónleikunum flyta Mick Jagger og félagar gömlu, góðu lögin og einnig þau nýjustu af plötunni Bridges to Babylon.
03.10 U2 á tónleikum (e)
Útsending frá tónleikum írsku rokksveitarinnar U2 í Autodromo í Mexíkó á síðasta ári.
05.25 Dagskrárlok og skjáleikur

FÖSTUDAGUR 1. JANÚAR 1999

****** Skjáleikur**
18.00 Daewoo Mótorsport (21:21)
19.00 Á ofsahraða (e)
19.30 Heimsfótbolti
20.00 Fótbolti um víða veröld
20.30 Afreksmaðurinn Jón Arnar (e)
21.00 Upp á kant við mafíuna
(Atlantic City)
Kanadísk-frönsk kvikmynd. Sögusviðið er Atlantic City í Bandaríkjunum en þar eru heimkynni smábófans Lous. Hann hefur átt erfitt uppdráttar en það breytist þegar hann kynnist Sally, starfsmanni spilavítis. Eiginmaður hennar stal eiturlyfjum frá mafíunni og Lou fær það verkefni að koma þeim í verð. Það er áhættusamt verk því mafían reynir nú að endurheimta eiturlyfin með öllum tiltækum ráðum. *Aðalhlutverk: Burt Lancaster, Susan Sarandon, Kate Reid, Michel Piccoli og Hollis McLaren.*
22.50 Rísandi sól
(Rising Sun)
Lögreglumanninum Web Smith er falið að rannsaka morðmál sem þykir afar viðkvæmt enda tengist það japönsku stórfyrirtæki í Los Angeles. Honum til aðstoðar er John nokkur Connor en sá er sérfróður um allt sem lýtur að Japan. Við rannsókn starfsfélaganna tekur Connor stjórnina fljótt í sínar hendur en grunsemdir eru um hæfileika hans til að leysa málið enda grunar suma að Connor hafi þegið mútur af japönskum aðilum. *Aðalhlutverk: Sean Connery, Wesley Snipes og Harvey Keitel.*
01.00 NBA - leikur vikunnar
Bein útsending frá leik ***Minnesota Timberwolves*** og ***Seattle Supersonics.***
03.25 Dagskrárlok og skjáleikur

LAUGARDAGUR 2. JANÚAR 1999

****** Skjáleikur**
18.00 Jerry Springer (1:20) (e)
18.45 Star Trek (e)
19.30 Kung Fu - Goðsögnin lifir
20.15 Valkyrjan (3:22)
21.00 Kaffivagninn
(Diner)
Hér eru vandamál uppvaxtaráranna til umfjöllunar en sögusviðið er Baltimore í Bandaríkjunum undir lok sjötta áratugarins. Við fylgjumst með nokkrum ungmennum sem hittast reglulega á kaffivagni einum í borginni og ræða tilgang lífsins. Unglingsárin eru að baki og hópurinn þarf að taka á sig nýjar skyldur í heimi hinna fullorðnu. *Aðalhlutverk: Steve Guttenberg, Daniel Stern, Mickey Rourke, Kevin Bacon, Timothy Daly og Ellen Barkin.*
22.50 Hnefaleikar - Angel Manfredy
Útsending frá hnefaleikakeppni í Miami í Bandaríkjunum. Á meðal þeirra sem mætast eru Angel Manfredy og Floyd Mayweather en í húfi er heimsmeistaratitill WBC-sambandsins í fjaðurvigt (super).
00.55 Á glapstigum
Ljósblá kvikmynd.
02.30 Dagskrárlok og skjáleikur

SUNNUDAGUR 3. JANÚAR 1999

****** Skjáleikur**
13.45 Enski boltinn
Bein útsending frá leik ***Port Vale*** og ***Liverpool*** í 3. umferð ensku bikarkeppninnar.
15.55 Enski boltinn
Bein útsending frá leik ***Manchester United*** og ***Middlesbrough*** í 3. umferð ensku bikarkeppninnar.
17.55 Ameríski fótboltinn
18.55 19. holan
19.30 Taumlaus tónlist
20.00 Golfmót í Bandaríkjunum
21.00 Smyglararnir
(Lucky Lady)
Spennumynd með gamansömu ívafi sem gerist á fyrri hluta aldarinnar í Bandaríkjunum. Framleiðsla og sala áfengis er bönnuð en sprúttsalarnir eru með allar klær úti. Við kynnumst tveimur náungum sem beita öllum brögðum til að komast yfir hinn eftirsótta drykk. Félagarnir eiga bæði í útistöðum við yfirvöld og eins samkeppnisaðila, sem trúa ekki á lögmál frjálsrar samkeppni. *Aðalhlutverk: Gene Hackman, Liza Minelli og Burt Reynolds.*
22.55 Ráðgátur (9:48)
23.40 Hefndarför
Þriggja stjarna vestri um stórbóndann Jim Douglas sem hefur orðið fyrir skelfilegri lífsreynslu. Ungri eiginkonu hans var nauðgað og síðan myrt og Douglas er staðráðinn í að koma fram hefndum. Stórbóndinn hefur vitneskju um hverjir voru að verki og leggur af stað í hættuför til að hafa hendur í hári þeirra. *Aðalhlutverk: Gregory Peck.*
01.15 Dagskrárlok og skjáleikur

Leikur dagsins í enska boltanum er viðureign Chelsea og Manchester United sem fram fer á Stamford Bridge í Lundúnum kl. 20:00. Leikurinn er sýndur á Sýn.

Netfang ritstjórnar
bb@snerpa.is

KAUP & SALA
ÓKEYPIS SMÁAUGLÝSINGAR

Tilboð! Til sölu er íbúð að Stórholti 11 á Ísafirði. Verð kr. 5,5 milljónir. Skipti á íbúð á höfuðborgarsvæðinu kemur til greina. Einnig kemur til greina að taka nýlegan bíl upp í. Upplýsingar í síma 456 4727.

Til sölu er **Arctic Cat Jag** snjósleði árg. 1992. Fæst á góðu verði. Upplýsingar gefur Benni í símum 456 5154 eða 899 0756.

Kettlingar fást gefins. Upplýsingar í síma 456 3135.

Til sölu er **Nintendo 64** ásamt tveimur leikjum og tveimur stýripinnum. Uppl. í síma 895 7291 (Elli).

Óska eftir konu til að koma heim og **gæta ungbarns** frá kl. 8-13 mánudaga til fimmtudaga. Nánari upplýsingar hjá Elínborgu eða Ólafi í síma 456 3354.

Flottur á nýja árinu? Hringdu og fáðu upplýsingar hjá Margréti í síma 699 1060.

Kvíðir þú fyrir jólareikningnum? Hringdu og fáðu upplýsingar um hvernig þú getur unnið þér inn aukatekjur á skemmtilegan hátt. Sverrir, sími 898 3000.

Til sölu er **Polaris Indy 500** Classic árg. 1992, langur, 2ja sæta, hiti í handföngum, brúsagrind og neglt belti. Góður sleði í toppstandi. Góðir greiðsluskilmálar. Upplýsingar gefur Ásgeir Mikkaelsson í síma 894 8887.

Tilboð óskast í húseignina að Hjallavegi 4 á Ísafirði. Gott hús á góðum stað. Mjög gott útsýni. Upplýsingar gefa Þorgerður eða Guðmundur í síma 456 3107.

Síðla á Þorláksmessu var gengin friðarganga með kyndla frá Ísafjarðarkirkju og niður á Silfurtorg, þar sem sr. Magnús Erlingsson flutti friðarboðskap, Herdís Hübner las ljóð og kammersveit Framhaldsskólans lék. Milli 40 og 50 manns tóku þátt í göngunni en á Silfurtorgi voru miklu fleiri viðstaddir dagskrána, en skátar á Ísafirði aðstoðuðu við að lýsa upp vettvanginn.

Hugmyndin að þessum viðburði kviknaði hjá Jónu Benediktsdóttur kennara við Grunnskóla Ísafjarðar daginn áður og má því segja að naumur fyrirvari hafi verið til undirbúnings. Vonandi verður þetta árlegur viðburður á Ísafirði á Þorláksmessu í framtíðinni.

FRUMMYND - VÍDEÓHÖLLIN
við Norðurveg, sími 456 4853
Opið mánudaga - föstudaga
frá kl. 13:00-23:30,
Gamlársdag kl. 10:00-16:00
Lokað á nýársdag!

Þeir sem þurfa að skipta geisladiskum eftir jólin eru vinsamlegast beðnir að gera það fyrir áramót.

Playstation leikjaleiga. Yfir 40 titlar.

Munið þriðjudagstilboðið! Tvær nýjar spólur á kr. 400.-

Nýtt! - Nýtt!
DVD-diskar til leigu
Playstation tölvur og leikir, karaoke, sjónvörp og vídeó til leigu
Persónuleg þjónusta!

SÖLUAÐILI GERVIHNATTA-BÚNAÐAR FRUM-MYND VIÐ NORÐURVEG SÍMI 456 4853



Horfur á miðvikudag:
Austan og síðan norðaustan hvassviðri eða stormur með éljum eða snjókomu norðanlands en úrkomulítið vestanlands.
Horfur á gamlársdag:
Allhvöss eða hvöss norðaustan átt vestan til framan af degi en síðan stinningskaldi. Éljagangur norðanlands.
Á nýársdag:
Austan kaldi og snjóél um norðanvert landið, en slydduél sunnan til. Um helgina lítur út fyrir austlægar áttir með éljagangi.

BEINAR ÚTSENDINGAR SJÓNVARPSSTÖÐVA

SJÓNVARPSTÖÐIN SÝN

Þriðjudagur 29. desember kl. 19:50
Chelsea - Manchester United
Föstudagur 1. janúar kl. 01:00
NBA - Minnesota - Seattle
Laugardagur 2. janúar kl. 22:50
Hnefaleikar: Angel Manfredy gegn Floyd Mayweather
Sunnudagur 3. janúar kl. 13:45
Bein útsending frá leik Port Vale og Liverpool í 3. umferð ensku bikarkeppninnar
Sunnudagur 3. janúar kl. 15:55
Bein útsending frá leik Manchester United og Middlesbrough í 3. umferð ensku bikarkeppninnar.
Mánudagur 4. janúar kl. 19:55
Bein útsending frá leik Preston North End og Arsenal í 3. umferð ensku bkarkeppninnar.

STÖÐ 2

Laugardagur 2. janúar kl. 14:45
Bein útsending frá 3. umferð ensku bikarkeppninnar

CANAL+ GULUR

Þriðjudagur 29. desember kl. 19:55
Chelsea - Manchester United
Föstudagur 1. janúar kl. 20:05
NHL Íshokkí: Buffalo - Anaheim
Föstudagur 1. janúar kl. 01:10
NBA leikur vikunnar
Laugardagur 2. janúar kl. 01:05
NHL Íshokkí: St. Louis - New York

NRK 1

Laugardagur 2. janúar kl. 14:55
Enska bikarkeppnin
Sunnudagur 3. janúar kl. 14:55 og kl. 17:30
3. umferð ensku bikarkeppninnar

Getraunanúmer
er 408

ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: bb@snerpa.is • Verð kr. 200 m/vsk

Getraunanúmer
er 408

Bolungarvík

Ævintýra-höllin

Lengi hefur tíðkast að skreyta gluggana í Grunnskóla Bolungarvíkur fyrir jólin. Skreytingarnar minna á kirkjulist; munurinn helst sá, að í kirkjum njóta menn litbrigða hinna steindu glugga innanhúss, en í skólanum í Víkinni kemur birtan að innan og bregður ævintýrablæ á rökkvað umhverfið.

Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsæld á nýju ári.
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.
Snyrtihús Sóleyjar
Hafnarstræti 9 • Ísafirði
Sími 456 5280

Bráðabirgðatölur Hagstofu Íslands um mannfjölda á Íslandi

Fólksfjölgunin mest á Suðureyri

Íbúum á Vestfjörðum fækkaði um 54 á yfirstandandi ári eða um 0,6%, skv. bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands sem gefnar voru út 1. desember sl. Þrátt fyrir fækkunina á svæðinu í heild, fjölgaði íbúum í fjölmörgum byggðarkjörnum, mest á Suðureyri, eða um 14%. Íbúum á Tálknafirði fjölgaði um 7,3% frá 1. desember 1997 til 1. desember sl., á Bíldudal fjölgaði íbúum um 8,5% á sama tímabili, á Þingeyri um 10,8%, á Flateyri um 10,0% og á Drangsnesi fjölgaði íbúum um 1,0%.

Á öðrum þéttbýlisstöðum á Vestfjörðum fækkaði íbúum, mest á Patreksfirði, um 21 eða 2,7%, og á Ísafirði um 57 eða 1,9%. Ef litið er á mannfjöldaþróun síðustu tíu ára kemur í ljós að íbúum á Vestfjörðum hefur fækkað um 1.507, úr 10.097 í 8.590. Íbúum í Vesturbyggð hefur fækkað um 411, úr 1.656 í 1.245, íbúum í Bolungarvík hefur fækkað um 194, úr 1.217 í 1.023 og íbúum í Ísafjarðarbæ hefur fækkað um 527, úr 5.001 í 4.474. Þá hefur íbúum í öðrum sveitarfélögum á Vestfjörðum fækkað um 375, úr 2.223 í 1.848.

Eins og að framan greinir, bjuggu 8.590 einstaklingar á Vestfjörðum 1. desember sl., þar af voru karlar 4.402 og konur 4.188.



Ástarsaga sem gæti bara átt sér stað á milli vina
Frum-mynd Vídeóhöllin
Þar sem úrvalið er!

Forsíða BB

Jólabarnið

Við vinnslu á jólablaði BB yfirsást ritstjórn að greina frá nafni fyrirsætunnar sem prýddi forsíðu blaðsins.

Jólabarnið heitir Sigþór Hilmarsson Lyngmo en hann fæddist 3. júní sl. Foreldrar hans eru Hilmar Lyngmo og Sigríður Sigþórsdóttir, til heimilis að Seljalandi 16, Ísafirði.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar gengur þvert gegn afstöðu félagsmálanefndar bæjarfélagsins

Sala léttra vína og áfengs öls verði leyfð í matvöruverslunum

Á síðasta fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar fyrir jól, sem haldinn var 17. desember, var samþykkt að skora á Alþingi að leyfa sölu léttra vína og áfengs öls í matvöruverslunum. Flutningsmenn tillögu þess efnis voru þeir Þorsteinn Jóhannesson (D) og Lárus G. Valdimarsson (K).

Tillagan var samþykkt með 5 atkvæðum gegn 2 en 2 sátu hjá. Þau sem greiddu tillögunni atkvæði sitt voru, auk flutningsmanna, Birna Lárusdóttir (D), Guðni G. Jóhannesson (B) og Ragnheiður Hákonardóttir (D). Atkvæði gegn tillögunni greiddu þau Bryndís Friðgeirsdóttir (K) og Sigurður R. Ólafsson (K) og létu þau bóka afstöðu sína. Sæmundur Kr. Þorvaldsson (K) og Pétur H.R. Sigurðsson (D) sátu hjá og lét Pétur bóka hjásetu sína.

Umrædd tillaga var lögð fram þegar eftirfarandi bókun undir liðnum önnur mál í fundargerð félagsmálanefndar Ísafjarðarbæjar frá 1. desember sl. var til umfjöllunar í bæjarstjórn: „Erindi frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis, þar sem óskað er eftir umsögn nefndarinnar um framkomna þingsályktunartillögu um afnám einkaréttar ríkisins til smásölu á áfengi. Félagsmálanefnd mælir ekki með að þingsályktunartillagan verði samþykkt og felur félagsmálastjóra að senda greinargerð til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis.“

Neikvæð umsögn félagsmálanefndar Ísafjarðarbæjar um þingsályktunartillöguna barst efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis 7. desember sl. Samþykkt bæjarstjórnar kemur því þvert ofan í afstöðu félagsmálanefndar. Flutningsmaður þingsályktunartillögunnar er Guðlaugur Þór Þórðarson, varaþingmaður.

1978-1998
Golfferð til TÆLANDS
27. jan - 18. feb
Samvinnuferðir-Landsýn
Söluskrifstofa • Hafnarstræti 7
Ísafirði • Sími 456 5390

Ljósritunarpappír í öllum regnbogans litum
Öll almenn prentun – góð þjónusta, gott verð!
H-PRENT
Tölvupappír í öllum stærðum og gerðum